

Landbúnaðarráðuneytið

Nefnd um vanda sauðfjárþænda

Tillögur og niðurstöður til landbúnaðarráðherra

Nóvember 2003

Nefnd landbúnaðarráðherra, er skipuð var 3. september 2003 um vanda sauðfjárþænda, sendir frá sér eftirfarandi niðurstöðu og tillögur:

- A. Í skipunarbréfi nefndarinnar er henni falið að meta þann vanda, er steðjar að sauðfjárþændum vegna verulegs tekjusamdráttar.

Mat nefndarinnar er að tekjusamdráttur sauðfjárþænda vegna lækkunar á verði innanlands og breytinga á útflutningshlutfalli, auk ójafnvægis í birgðastöðu, sé um 250 m.kr. miðað við fyrra ár.

Það er skoðun nefndarinnar að verðlækkun innanlands eigi sér tvær megin orsakir: Miklar verðlækkningar á kjúklinga- og svínakjöti og birgðasöfnun í kindakjöti sem leitt hefur til undirboða á innlendum markaði.

Aukin útflutningsskylda þessa hausts, miðað við fyrri ár stafar af of lágt ákvarðaðri útflutningsskyldu fyrri ára og sölusamdrætti innanlands. Þá hafa afurðir eftir ásetta kind aukist.

Sláturleyfishafar verða að draga úr undirboðum á innlendum markaði og sölu á verðum sem ekki skila þændum viðunandi tekjum.

- B. Í skipunarbréfi nefndarinnar er henni falið að gera tillögur til stjórnvalda um hvernig við verði brugðist.

Nefndin hefur haldið fundi með fulltrúum stjórna félaga sauðfjárþænda af öllu landinu um það ástand, sem nú er og reynt með því að fá sem besta mynd af stöðunni og hugmyndum þænda um úrbætur. Auk þess hefur nefndin fundað með sláturleyfishöfum.

Tillögur nefndarinnar eru:

1. Lagt er til að ríkissjóður bæti sauðfjárþændum tekjusatrátt milli ára, að minnsta kosti að hluta. Litið verði á bæturnar sem byggðastuðning og verði þær greiddar sem eingreiðslur í lok þessa árs. Stuðningurinn verði að hálfu miðaður við beingreiðslurétt sauðfjárþænda árið 2003 og að hálfu greiddur út á framleitt dillakjöt á lögbýlum á árinu 2003.
2. Lagt er til að ríkissjóður aðstoði við að koma á betra jafnvægi á kjötmarkaði. Þetta verði gert með því að greiða mismun á útflutningsverði og innanlandsverði við útflutning á ca. 400 tonnum af dillakjöti umfram útflutningsskyldu.
3. Lagt er til að Lánasjóður landbúnaðarins bjóði sauðfjárþændum er eiga í fjárhagsörðugleikum að fresta afborgunum lána í allt að þrjú ár.
4. Lagt er til að sauðfjárþændur sem náð hafa 63 ára aldri geti haldið óskertum beingreiðslum til loka sammings um framleiðslu sauðfjárafurða þ.e. er til ársloka 2007, án skyldu um sauðfjáreign, samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um.
5. Lagt er til að verði tekjusatráttur sauðfjárþænda ekki bættur að fullu endurmeti skattayfirvöld reiknað endurgjald þeirra á árinu 2003.
6. Íslensk samkeppnislög gefa þeim sem undirboð stunda mjög frjálssar hendur og torvelda möguleika þænda á að bregðast við fákeppni og undirboðum á búvörumarkaði. Því leggur nefndin til að landbúnaðarráðherra og viðskiptaráðherra skipi sameiginlega nefnd er skoði með hvaða hætti breyta þurfi

samkeppnislögum varðandi undirboð og fleiri þætti er raskað hafa kjötmarkaði að undanfögnu.

7. Lagt er til að stjórnvöld aðstoði innlendan ullariðnað við að fá eðlileg afurðalán. Einnig þarf að tryggja áframhaldandi rekstur ullarþvottastöðvar í landinu.
8. Lagt er til að landbúnaðarráðherra beiti sér fyrir skipan vinnuhóps er hafi það hlutverk að gera tillögur um framtíðarfyrirkomulag varðandi markaðsetningu dilkakjöts á erlendum mörkuðum. Vinnuhópurinn geri og tillögu um samræmingu á markaðsstuðningi við sláturleyfishafa. Einnig verði gerðar tillögur um á hvern hátt megi samnýta krafta og auka samstarf þeirra aðila sem þegar starfa að markaðsetningu íslenskra vara á erlendri grund.
9. Lagt er til að sem aðstoð við markaðsstarf erlendis leggi utanríkisráðuneytið til starfsmann, er eingöngu hafi það hlutverk að greiða fyrir markaðssetningu dilkakjöts í samstarfi við útflytjendur. Starfsmaðurinn hafi það vægi innan ráðuneytisins er nauðsynlegt er talið. Starfið verði tekið til endurmats að þremur árum liðnum.
10. Lagt er til að sérstökum vinnuhóp á vegum landbúnaðarráðuneytis verði falið að móta tillögur um fyrirkomulag flutningsjöfnunar á sláturfé að sláturhúsum. Með fækkun sláturhúsa er nauðsynlegt að taka þessi mál til endurskoðunar. Markmið skal vera að bændur séu með sem jafnasta aðstöðu varðandi kostnað við að koma sláturfé í sláturhús.
11. Lagt er til að Byggðastofnun verði falið að styrkja sláturleyfishafa til kaupa á fjárflutningataækjum á árinu 2004 til og með

2009. Með lengri vegalengd í flutningi er mikilvægt að stærri og fullkomnari tæki verði notuð við fjárflutninga.

12. Lagt er til að lækkun þess hluta búnaðargjalds er rennur til Lánasjóðs landbúnaðarins verði athuguð og erindi þess efnis vísað til Búnaðarþings.
13. Lagt er til að ríkisstjórnin lýsi því yfir, að hún sé tilbúin að endurskoða einstaka þætti núgildandi búvörusamnings eða gera nýjan, komi um það ósk frá Bændasamtökum Íslands. Byggðarþáttur sauðfjárframleiðslu verði sérstaklega hafður í huga við gerð næsta búvörusamnings við sauðfjárbændur.

Niðurlagsorð

Frá því nefndin hóf störf hefur verðstrið á kjötmarkaði enn harðnað og kjötverð náð sögulegu lágmarki.

Sú staða skerðir enn frekar tekjur bænda, eykur á óvissu um framtíðarhorfur þeirra og mun einnig til lengri tíma litið bitna á neytendum.

Því er brýnt að hraðað verði svo sem kostur er framkvæmd tillagna þeirra sem nefndin leggur fram.

Reykjavík, 5. nóvember 2003

Pórólfur Gíslason
form.

Ólafur Friðriksson

Drífa Hjartardóttir

Ari Teitsson

Jóhannes Sigfússon

